

# Smiðja 1

7. og 8. bekkur - 24. ágúst -24. september

## Leiklist

**Kennari:** Álfheiður

**Staður:** Íslenskustofa

**Markmið og verkefni:** Á þessu námskeiði ætlum við að nýta okkur ýmsar aðferðir leiklistar til að dýpka skilning okkar á okkur sjálfum, mannlegu eðli og samskiptum. Leikur og sköpun munu skipa stóran sess á námskeiðinu og við munum gera alls kyns æfingar, fara í leiki, spinna, skrifa örleikrit sem við flytjum hvert fyrir annað og ýmislegt fleira sem tengist leiklist.

**Hæfniviðmið: Að nemendur geti**

- tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistaverkefnum
- prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum texta

**Námsmat:** Metin er vinna og þátttaka í tímum þar sem vinnusemi, ábyrgð, umgengni og samskipti eru til grundvallar. Í lok námskeiðs verða hæfniviðmið metin og gefin einkunn samkvæmt námskrá.

## Kjarval og félagar – safnaheimsókn og málun

**Kennari:** Vilma

Við förum á Kjarvalsstaði þar sem skoðuð verður skemmtileg og spennandi sýning á verkum Kjarvals og eru verk ýmissa annarra listamanna sem fléttast inn í sýninguna. Farið verður með rútu og við fáum frábæra leiðsögn á sýningunni. Í framhaldi verður svo unnið flott verkefni í anda Kjarvals í málun. **Námsmarkmið:** Að nemendur geti

- unnið myndverk með akrýlmálningu og prófað sig áfram með flóknari litablöndur
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki
- hafi fengið kynningu á Kjarval, lífi hans og starfi
- hafi farið á Kjarvalsstaði og kynnst verkum Kjarvals



**Námsmat:** Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

## Prjón

**Kennari:** Ingibjörg

**Verkefni:** Hanna eigin hugmynd af húfu og prjóna hana.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti

- prjónað brugðið prjón
- hannað eigin hugmynd af prjónuðum textíl
- öðlast færni í að prjóna í hring



**Námsmat:** Símat er í hverjum tíma, þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.

## Heimilisfræði

**Kennari:** Linda

**Verkefni:** Í smiðjunni munum við æfa okkur í brauðbakstri, að elda einfalda rétti, leggja snyrtilega á borð og ganga frá, ásamt því að baka sætabrauð. Fræðumst um næringargildi í matvælum, skoðum hvar við getum fundið þær upplýsingar og hvernig maður notar þær. Tökum einn tíma í að leita að uppskrift á netinu sem við prófum síðan.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti

- unnið sjálfstætt eftir uppskrift
- nýtt margvíslega miðla til að finna uppskriftir
- vaskað upp og gengið frá á réttan hátt
- hafi fengið fræðslu um næringargildi matvæla

**Námsmat:** Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

## Hönnun og smíði – Sælgætis skammtari úr gleri og tré

**Kennari:** Ingólfur

Í þessari smiðju smíðum við skemmtilegan sælgætis skammtara úr gleri og tré.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti

- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu
- valið og notað helstu verkfæri og mælitæki
- valið samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi

**Námsmat:** Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



## Prívíddarhönnun

**Kennari:** Eydís

**Staður:** Stærðfræði

Nemendur læra að hanna hluti með teikniforritinu Tinkercad og prenta út með prívíddarprentara. Þeir kynnast ólíkum aðferðum og nýrri tækni sem tengist prívíddarprentun og skoða hvernig þeir geta nýtt sér hana. Byrjað er á einföldum hlutum en svo fá nemendur að prófa sig áfram með flóknari atriði.

**Hæfniviðmið:** Að nemendur geti

- beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt
- sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði
- spurt rannsakandi spurninga og skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistösk og úrvinnslu verkefna



# Íþróttir

**Kennari:** Jói

**Staður:** Íþróttasalur

**Markmið og verkefni:** Að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi

Markmið smiðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

**Námsmat:** Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.